


ðs etur Kaupfélags Skagfirðinga.

frá bændum í héraðinu til Samlagsins.

Þegar afskrifað hafði verið, eins og lög gera ráð fyrir, þá varð hagnaður af rekstri félagsins á s.l. ári tæpar 14 milljónir króna, er kom til ráðstöfunar á aðalfundinum, og var m.a. 9,5 millj. af þeirri upphæð varið til endurgreiðslu til félagsmanna, í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið.

Að þessu sinni áttu þeir Gunnar Oddsson og Jónas Haraldsson að ganga úr stjórninni, en voru báðir endurkjörnir, en fyrir voru í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga þeir Gísli Magnússon, Jóhann Salberg Guðmundsson, Marinó Sigurðsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Stefán Gestsson.

Á aðalfundinum var rætt um sameiningu Samvinnufélags Fljótamanna og Kaupfélags Skagfirðinga. Samþykkti fundurinn einróma tillögu frá stjórn félagsins þess efnis, að sameining félaganna færi fram á þessu ári. Þá samþykkti fundurinn, að einn fulltrúi, kjörinn af starfsmannafélagi K.S., fái sæti á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Guðjón Ingimundarson mælti fyrir ítarlegri tillögu, sem fræðslunefnd félagsins lagði fyrir fundinn, sem fundurinn samþykkti einróma. Margar fleiri tillögur komu fram, sem voru samþykktar.




ga uppi svona af gömlum vana. Grjótgarðurinn, sem á að reisa í sumar kemur inu

fanga verður lokið við íþróttasal og byggt yfir sundlaugina. Það er Sveinn Helgason frá Egilsstöðum sem sér um byggingaframkvæmdirnar. Sveinn sveitarstjóri sagði, að á fjárlögum hreppsins í ár hefðu verið sex milljónir veittar til verksins, ríkið lagði fram tvær, en lionsklúbbur staðarins þrjár. Þá gáfu nemendur fimmtabekkjar barnaskólans 33.200. Mikill áhugi ríkir á því að koma upp íþróttaaðstöðu á Raufarhöfn. Í dag er félagsheimilið notað sem íþróttahús, en það fullnægir hvergi þeim kröfum sem gerðar eru til íþróttahúsa, enda ekki hugsað sem slíkt.

Næg atvinna hefur verið á Raufarhöfn að undanförnu og væntanlega hefur verið unnið fram á miðnætti daginn er rætt var við Svein, en togari heimamanna kom þá um morguninn með 120 tonn eftir sex daga útivist.

## Sérstæð sýning að Kjarvalsstöðum:

# Áhrifamikil list sem allir skilja



**SJ-Reykjavík Á föstudagskvöld kl. 20 verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á verkum þýzka teiknarans Andreasar Paul Weber. Þetta er stærsta sýning þessa viðurkennda listamanns, sem nú er 83 ára gamall, og á henni eru yfir 160 litógrafíur. Í verkum sínum fjallar Weber oftast um einstaklinginn. Hann ræðst á ógnir styrjalda, hefur samúð með föngum, hatast við ofsatrú, dáist að mikilmennum og er umhugað um náttúru og umhverfisvernd.**

Þýzka bókasafnið í Reykjavík ásamt félaginu Íslenzk grafík standa að sýningu þessari og hafa notið til þess styrks frá Goethe stofnun og Eimskipafélagi Íslands.

Íslandsvinurinn Dr. Gerhard Schwabe og kona hans, sem eru vinir A. Weber áttu mikinn hlut að því að verk hans eru nú sýnd hér, en eins og Schwabe kemst að orði „Hefur Paul Weber dálitið að segja Íslendingum og þeir mikið að segja honum." „Ég vildi að Weber kynntist Íslandi, þessari vin í heimi nútímans", sagði dr. Schwabe á blaðamannafundi.

Síðan 1959 hefur Paul Weber gefið út „Kritische Kalender" en þar fjallar hann á gagnrýninn hátt um atburði líðandi stundar. Sjálfur velur hann tilvitnanir í bókina, sem birtast með myndunum. Weber er nú að ganga frá dagatali sínu, „Kritische Kalender" fyrir 1978, og því getur hann aðeins haft skamma viðstöðu hér á landi að þessu sinni. „En ég kem aftur", segir hann.

Paul Weber er um þessar mundir að ljúka við aðra bók, sem fjallar um skák og skákmenn. Í henni verða einnig tilvitnanir og myndir, m.a. af ýmsum kunnustu núlifandi skákmönnum. „Í skákinni eru óendanleg viðfangsefni", segir Weber, en um skákmenn fer hann mildari höndum í myndum sínum en annað fólk, sennilega af því að hann telur þá öðrum fremri.

Sýningin á verkum Pauls Weber að Kjarvalsstöðum er óvenjulegur viðburður hér á landi. Myndir hans eru áhrifamiklar og auðskildar, — þetta er ekki list fyrir fáa útvalda. Þegar blaðamönnum gafst kostur að skoða myndirnar vantaði enn heiti þeirra með þeim, en þau eru mikill hluti verka Webers. Á sýningunni verður heiti hverrar myndar á íslenzku við hlið hennar.

Weber er sjálfmenntaður listamaður. Hann er sonur járnbrautarstarfsmanns. Hann kenndi teikningu, gegndi herþjónustu í fyrri heimstyrjöldinni. Gekk í hreyfingu Ernst Niekisch, sem barðist gegn Hitler, var í fangabúðum og gegndi herþjónustu í síðari heimstyrjöldinni. Árið 1971 hlaut hann prófessorsnafnbót og heiðurskross Sambandslýðveldisins Þýzkalands. 1973 var opnað hús í Ratzeburg, þar sem er safn helgað honum og stofnun, sem vinnur að varðveizlu verka hans.

Sýning Pauls Weber að Kjarvalsstöðum stendur til 12. júlí.

# Ráðstefna um frjálsa félagsstarfsemi í Kópavogi um næstu helgi

Kás-Reykjavík. — Samband ungra framsóknarmanna hefur ákveðið að gangast fyrir ráðstefnu um frjálsa félagsstarfsemi og verður hún haldin í félagsheimili Kópavogs næstu helgi, 25. og 26. júní.

Í byrjun mun menntamálaráðherra Vilhjálmur Hjálmarsson setja ráðstefnuna með stuttu ávarpi, en að því loknu hefst flutningur framsöguerinda. Framsögumenn eru þrír: Reynir Karlsson æskulýðsfulltrúi, sem ræðir félagsstarf í þéttbýli og dreifbýli og hvernig á að auka það og bæta. Hafsteinn Þorvaldsson form. U.M.F.Í., sem flytur framsögu um íþróttalögin, markmið þeirra og hugsanlegar breytingar, og Pétur Einarsson varaform. S.U.F., sem ræðir frjálsa félagsstarfsemi og stuðning opinberra aðila.

Auk framsögumanna munu ýmsir sérfróðir menn um félagsstarfsemi taka þátt í pallborðsumræðum, og er þess vænzt að þar komi fram miklar og gagnlegar upplýsingar um frjálsa félagsstarfsemi í landinu og í hvaða farveg væri æskilegt að beina henni.

Engin ályktun verður samþykkt í lok ráðstefnunnar, en ábendingar frá henni verða teknar til meðferðar hjá vinnuhópi um æskulýðsmál, sem framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins skipaði, og mun hann skila tillögum til framkvæmdastjórnarinnar og þingflokks Framsóknarflokksins.

Á næstunni mun fara fram mikil endurskoðun á ýmsum lögum, sem að æskulýðsmálum snýr, og m.a. er þegar hafin endurskoðun á lögum um Æskulýðsráð ríkisins. Þá er einnig rætt um að endurskoða íþróttalögin, sem nú eru orðin nokkurra áratuga gömul. Einnig er stöðug umræða í gangi um í hvaða farveg beina eigi frjálsri félagsstarfsemi í landinu.

Það er von ungra framsóknarmanna, sem að þessari ráðstefnu standa, að hún verði aðeins upphaf þess að þessi mál verði öll tekin til gagngerrar endurskoðunar. Margt er þar í góðu lagi, en hitt er ljóst, að fjölmörgu þarf að breyta og á ýmsum sviðum vantar nauðsynlega stefnumörkun.

Ráðstefnan er öllum opin, og væri því mjög ákjósanlegt að sem flestir, sem áhuga hafa á frjálsri félagsstarfsemi, mættu þar, þannig að unnt verði að hafa sem breiðastan grundvöll að baki því, sem frá ráðstefnunni kann að koma.

— Þeir sem áhuga hafa á að sitja ráðstefnuna hafi samband við Gest Kristinsson á skrifstofu SUF.